

Vatnsból við Grenivík – endurskoðun vatnsverndarsvæðis

Halldór G. Pétursson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Borgum við Norðurlóð, 600 Akureyri

Greinargerð til Grýtubakkahrepps

25.11.2010

Haustið 1993 kannaði undirritaður aðstæður við vatnsból Grenivíkur sem eru lindir Akurbakkalækjar í Hornhúsadal í landi Sunnuhvals, neðst í Grenivíkurfjalli (svæði B á mynd 1). Einnig voru kannaðar aðstæður við vatnsból frystihússins, en þau voru á þessum tíma lindir í fjallsrótum Grenivíkurfjalls, nokkru utan við fyrrnefnd vatnsból (svæði A á mynd 1). Sumarið 1994 skilaði svo undirritaður greinargerð til Grýtubakkahrepps þar sem afmörkuð voru vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði, fjarsvæði) umhverfis þáverandi vatnsból í Grenivíkurfjalli (Halldór G. Pétursson 1994). Vatnsból frystihússins hafa löngum þótt erfið í rekstri og stundum verið til vandræða bæði vegna mengunarhættu og þess að þau geta orðið mjög vatnslítill í þurrum árum (Árni Hjartarson 1996). Auk þess liggur vegstæði að skíðasvæði ofan Grenivíkur alveg ofan í lindasvæðinu sem þarna hefur verið nýtt. Það er m. a. af þessum ástæðum sem vatnsból frystihússins hafa verið lögð af. Því er ástæða til að endurskoða stærð vatnsverndarsvæðisins, minnka það og aflétta vatnsvernd af hluta þess, þ.e.a.s. þeim hluta fjallsins sem er aðrennslissvæði frystihússlindanna.

Endurskoðað vatnsverndarsvæði við Grenivík er sýnt á mynd 1. Aðalbreytingin er sú að fjarsvæðið sem afmarkað var árið 1994 dregst saman við það að vestur og norðurhluti þess hverfur. Sama gildir um grannsvæðið en vesturhlutinn, umhverfis vatnsból frystihússins, hverfur einnig. Núverandi vatnsverndarsvæði er því eingöngu sá hluti Grenivíkurfjalls sem er aðrennslissvæði lindanna í Hornhúsadal. Grannsvæðið í Hornhúsadal var í upphafi markað nokkuð rúmt og teygir sig talsvert austur fyrir núverandi vatnsból Grenivíkur. Hugmyndin með þessu var að vernda önnur lindasvæði í Hornhúsadal þar sem talsvert af vatni kemur upp og vel má nota sem viðbótarvatnsból í framtíðinni (Þóroddur F. Þóroddsson og Þórólfur H. Hafstað 1975, Árni Hjartarson 1996). Ef ráðist verður í gerð frekari vatnsbóla í Hornhúsadal þarf því hvorki að endurskoða vatnsverndarsvæðið né breyta stærð þess, einungis að afmarka brunnsvæði umhverfis þau nýju lindasvæði sem virkjuð verða.


Vatnsbólín í Hornhúsadal eru nokkuð erfið í vinnslu og sama gildir um önnur lindasvæði í dalnum. Þarna er nokkuð bratt og vatnið kemur upp í fjölda linda og smásytra sem sumar hverjar eru nánast dý og lindasvæðin því víðast ansi blaut. Jarðskrið og frosthreyfingar eru því talsverðar og alltaf hættu á því að lagnir færast til eða jafnvel hrökkvi í sundur. Svona aðstæður krefjast nokkurs viðhalds auk virks eftirlits og umsjónar. Á móti kemur að vatnið úr Hornhúsadal sprettur upp úr berggrunni (Halldór G. Pétursson 1994, Árni Hjartarson 1996). Auk þess er það sjálfrennandi og því þarf ekki að leggja í kostnað við dælingu, en borholur ýmist í laus jarðlög eða klöpp virðast í fljótu bragði vera einu aðrir vatnsöflunarmöguleikarnir í næsta nágrenni Grenivíkur.

Heimildir

Árni Hjartarson 1996: Grenivík – athuganir á vatnsbóli. Orkustofnun, greinargerð ÁH-96/06, 5 bls.

Halldór G. Pétursson 1994: Vatnsból við Grenivík – verndarsvæði. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri. Greinargerð til Grýtubakkahrepps, 5 bls.

Þóroddur F. Þóroddsson og Þórólfur H. Hafstað 1975: Neysluvatnsrannsókn fyrir Grenivík. Orkustofnun OS-JKD-7509, 7 bls.



Mynd 1: Endurskoðað vatnsverndarsvæði við Grenivík. Brunnsvæði núverandi vatnsbóla er táknað með grænum skástrikum og bókstafnum B. Grannsvæði er táknað með bláum skástrikum. Fjarsvæði er táknað með rauðum skástrikum. Útlínur eldra vatnsverndarsvæðis eru afmarkaðar með brotalínum og aflögd vatnsból frystihússins eru táknuð með bókstafnum A.